



Skógræktarfélag Selfoss

Ársskýrsla Skógræktarfélags Selfoss 2024-2025

Veður var bæði hagstætt og óhagstætt gróðri í Hellisskógi þetta starfsár. Vorið 2024 var nokkuð gott. Mars og apríl voru þurrir og næðingssamir en betra í maí. Allur jarðklaki var horfinn í byrjun maí. Laufgun trjágróðurs var í fyrra falli og flestar tegundir voru allaufgaðar um 20. maí. Mjög mikil blómgun var hjá flestum trjátegundum í lok maí, þar á meðal birki, öllum reynitegundum og sitkagreni. Eftir góðan maímánuð breyttist veðrið til hins verra þann 4. júní. Þá gerði ofsarok af norðvestri sem olli miklum skemmdum á laufguðum trjánum. Lauf tættust af og talsvert sá á lerk. Að auki var kalt aðeins +2-4C°. Trén voru lengi að jafna sig og sumar tegundir báru þessa merki allt sumarið. Kalt og rakt veður einkenndi síðan sumarið og haustið. Mikil blómgun í maí skilaði sér ekki nema að litlu leiti í gott fræár eins og búist var við. Birkifræ var lítið og lélegt. Spírun í sitkagreni var lítil. Mjög mikið var af berjum á öllum reynitegundum en sum voru lengi að þroskast um haustið. Ber alpareynis voru á trjánum í allan vetur og illa þroskuð. Góður hlýjindakafli og mikil úrkoma var framan af nóvember en síðan hörku gaddur. Kalt og snjór á jörðu í desember og janúar. Í febrúar hlýnaði og snjó tók upp. Jörð var orðin frostlaus í lok febrúar. Aftur kólnaði og snjóaði í byrjun mars. Umhleyplingar einkenndu mars. Bæði febrúar og mars voru annars óvenju hlýir og stóðu þau hlýindi fram í miðjan apríl. Síðan kólnaði nokkuð þegar nær dróg páskum og var vægt næturfrost flestar nætur í 10 daga. Smáblöð voru komin á nokkrar tegundir runna og brum trjáa orðin vel þrútin strax í byrjun apríl og nokkrar tegundir laufgaðar um miðjan apríl. Aftur hlýnaði vel í lok apríl. Þegar þetta er skrifað þá bendir allt til þess að gróður hafi sloppið mjög vel frá næturfrostum í apríl og líklega er laufgun um 3 vikur fyrr en í meðalári.



Skaðar: Mjög lítið bar á afræningjum sumarið 2024. Kuldi og vosbúð er líkleg ástæða þess.

Þann 9. maí 2024 varð sinubruni við Hellinn. Um 1000 fermetrar brunnu, aðallega ofan á klettinum. Nokkur reynitré eyðilögðust. Strákur var þar að skjóta upp flugeldum.

Fyrri bruninn var í lok mars þar sem brunnu um 150-200 fermetrar í birkiskógi ofan við aðalbílastæðið. Þá voru nokkrir drengir að grilla í þurri sinunni. Þar skemmdust illa mörg birkitré og nokkrar furur.

Í báðum tilfellum brást slökkviliðið hratt við og kom í veg fyrir frekara tjón.

Þrátt fyrir þurrka í apríl 2025 varð ekki neinn gróðurbruni í Hellisskógi.

Toppssprotabrot á sitkagreni var nánast ekkert sumarið 2024 enda hæglætis veður á viðkvæmasta tímanum í lok júlí og byrjun ágúst.

Nokkur tré (sitkagreni, birki og stafafura) féllu í NA-hvassviðri í byrjun júlí. Öll áttu það sameiginlegt að rótarkerfið var í brún plógfars.

Plöntun: Tvö plöntunarkvöld / síðdegi voru skipulögð í Hellisskógi sumarið og haustið 2024.

Alls var 948 plöntum plantað í Hellisskógi. Þar af voru 860 bakkaplöntur og 88 pottaplöntur.

Þann 27. júní var plantað 700 bakkaplöntum (sitkagreni, rauðelri, blæelri, gráelri og birki) vestan við Hellinn. 17 mættu í plöntunina.



Átta vaskir skógræktarmenn mættu í Hellisskóg 29. september og plöntuðu 50 plöntum af ýmsum reynitegundum á þremur stöðum í Hellisskógi. Allt 70 - 100 sm pottaplöntur.

Búið var að merkja fyrir plöntunarstöðum. Settur var skítur með hverri plöntu. Í brekku framan í Hellisholti var plantað 26 plöntum í lúpínubreiðu, 13 með veginum vestan við Grímskletta og 11 plöntum með veginum uppundir Helli.

Rauðgreniplöntum var plantað í tætt land við gönguskíðabraut í lok október.

Formaður var ötull við að planta í trjásöfnin í Hellisskógi, allt pottaplöntur frá gróðrarstöðvum eða úr eigin ræktun. Þrjú plöntusöfn eru nú í uppbyggingu í Hellisskógi.

Elst og stærst er svokallað Gamla trjásafn við aðal bílastæðið. Nýja trjásafnið er ofan við Hellisholt og það nýjasta sem kallað er Fræðslustígur er upp undir Hellisgili. Öll þessi trjásöfn eru byggð upp með gjafafé frá Júlíusi Steingrímssyni (frá 1990).



Plöntulisti:

Gróðrarstöðin Pöll.

Rauðelri - (70 bakkaplönnur)

Ryðelri (Höfðaskógur) - (105 bakkaplönnur)

Gráelri - (35 bakkaplönnur)

Rauðgreni (Þjórárdalur) - (80 bakkaplönnur) við skíðabraut 1

Risalerki - 2 pottar (nýja trjásafn)

Heggur - 2 pottar (nýja trjásafn)

Blæelri - (35 bakkaplönnur)

Sitkagreni (Höfðaskógur) - (40 bakkaplönnur)

Fjallapínur (Colorado) - 3 pottar (fræðslustígur)

Kóreupínur - 3 pottar (fræðslustígur)

Marþöll - 3 pottar (fræðslustígur)

Skógræktarfélag Árnesinga

Sitkagreni - (160 bakkaplöntur)

Birki - (265 bakkaplöntur)

Rauðelri - (35 bakkaplöntur)

Gráelri - (35 bakkaplöntur)

Gróðrarstöðin Náttthagi

Munkagreni - 3 pottar (fræðslustígur)

Balsampínur - 2 pottar (80 cm) (fræðslustígur)

Beiki - 1 pottur - (100 cm) (gamla trjásafn)

Húsasmiðjan/ Blómaval

Kanadalífviður 'Brabant' - 3 pottar (100 cm) (fræðslustígur)

Fagursýprus 'Columnaris' - 3 pottar (100 cm) (fræðslustígur)

Kvistabær

Svartgreni - 2 pottar (nýja trjásafn)

Hindber - 2 pottar (nýja trjásafn)

Annað

Kasmírreynir - 1 pottur

Garðahlynur - 1 pottur - vestan við Grímskletta

Sumareik - 3 pottar - vestan við Grímskletta

Rauðgreni (Þrastaskógur) - 1 pottur (nýja trjásafn)

Reynitré (ýmsar tegundir) - 50 pottar (við Hellisholt og víðar)

Fjallagullregn - 2 pottar (við Hellisholt)

Glæsipínur - 4 pottar (fræðslustígur)

Áburður: Þann 5. júní var tilbúinn áburður borinn á aspar smáplöntur vestan við Hellinn. Notaður var plöntustafur til að gera holu við hlið plantnanna og settur áburður í holuna. Notuð voru 50 kg. af blákorni. Tíu mættu. Í júní var borið á tilraunaaspir norðan við Hellinn (12 kg af blákorni).

Grisjun og trjáfellingar: Eins og undanfarin ár sá Björgvin Örn um að grisja valda reiti og fella tré undan rafmagnslínunum. Mikið og þarft verk.

Þrjú stór sitkagrenitré úr Hellisskógi prýddu Árborg um jólin. Trén voru um 7-9 m há og voru sett upp í miðbæ Selfoss, á Eyrarbakka og það stærsta var á Stokkseyri. Björgvin Örn valdi og felldi trén en starfsmenn Árborgar sáu um flutning úr skóginum og uppsetningu í bæjarfélögunum.

Gönguferðir og árviss hlaup. Örn Óskarsson og Hlíf Böðvarsdóttir gengu um Hellisskóg með 12 manns vegna viðburðar á "Vor í Árborg". Þann 27 apríl.

Örn Óskarsson gekk með starfsmenn FSu um Hellisskóg 10. maí.

Á föstudagurinn langa 2025 var "Bakgarðspíslin" í Hellisskógi eins og undanfarin ár.

Líkt og undanfarin ár var mikið um gesti í skóginum. Þar af er nokkur fjöldi sem gengur daglega um skóginn.

Fundir: Aðalfundur Skógræktarfélags Selfoss var haldinn í skemmunni á Snæfoksstöðum kl. 20 þann 17 apríl. Á fundinum voru venjuleg aðalfundarstörf. Stjórnin var endurkjörin. Bergur Þór Björnsson sýndi aðstöðuna á Snæfoksstöðum þar sem aukin áhersla hefur verið á timburvinnslu undanfarin ár. Tólf mættu á fundinn.

Fundir í Hellisskógi. Stjórnarmenn gengu í tvígang um Hellisskóg og tóku út stöðuna á plöntum, vegum og stígum.

Stjórnarfundur var í Fagurgerði 3. október. Farið var meðal annars yfir skipulagskort frá Árborg. Gerðar nokkrar athugasemdir.

Aftur var haldinn stjórnarfundur í Fagurgerði 27. febrúar.

Fundir með Rúnari og Atla hjá Árborg um skipulagsmál í Hellisskógi.

Fundur með Víglundi hjá Rarik vegna raflínu um Hellisskóg sem verið er að taka niður.

Einnig átti formaður samtöl við Höskuld hjá Vegagerðinni og Tómas Ellert staðarstjóra eftirlits með vega- og brúarframkvæmdum.



Bekkir, brýr, vegir og stígar:

Enginn vinnuflokkur starfaði í Hellisskógi sumarið 2024. Þetta er þriðja sumarið í röð sem slíkt gerist.

Aðfaranótt 29. apríl var einum af Húsasmiðjubekkjum stolið. Bekkurinn var við göngustíg við bakka Ölfusár framan við Hellisgil. Til að taka bekkinn hefur þurft stóra kerru eða sendibíl og fleiri en einn burðarmann. Stuldurinn var kærður til lögreglu. Ekki fannst bekkurinn og málið var látið niður falla á haustmánuðum. Í ágúst mánuði voru þrjú borð og áfastir setbekkir settir upp í Hellisskógi. Tveir bekkir fóru á gömul bekkjastæði, annar við aðal bílastæðið og hinn á bökkum Ölfusár neðst í Hellisgili.

Þriðji bekkurinn var settur í brekkuna framan við Hellinn. Þar sá véladeild áhaldahúss Árborgar um að koma fyrir malarstæði fyrir samstæðuna. Þessir bekkir voru í gryfjunni í nýja miðbænum á Selfossi. Þar er verið að endurnýja útihúsgögn. Miðæjarfélagið gaf Skógræktarfélaginu bekkina og Brúarvinnuflokkur Ingva Rafns sá um að flyja þá í skóginn og koma fyrir á nýjum stöðum. Skógræktarfélag Selfoss þakkar Miðbæjarfélaginu kærlega fyrir gjafirnar og Brúarvinnuflokknum fyrir vinnuna við að koma bekkjunum fyrir.

Vonandi fá bekkirnir að vera í friði í Hellisskógi og munu örugglega nýtast vel þeim fjölmörgu sem heimsækja skóginn.

Gönguhópur Ingva Rafns var sem fyrr duglegur við að lagfæra stíga, grindverk og aðstoða við bekki. “Frískir Flóamenn” settu nýja göngubrú yfir lækinn í Hellisgili.

Gamla brúin sligaðist undan snjó fyrir tveimur árum.

Síðastliðið sumar var unnið að lagfæringum á Hellisbrú í Hellisskógi.



Á nokkrum stöðum hefur þetta gamla mannvirki sigið ofan í mýrina og full þörf á lagfæringum til að brautin væri vel fær í öllum veðrum. Settur var mulningur í stíginn á kafla og byggð göngubrú yfir blautasta hlutann. Ekki náðist að klára allt fyrirhugað verk.

Brúarvinnuflokkur Ingva Rafns annaðist verkið af miklum myndarskap. Sigtún þróunarfélag veitti myndarlegan styrk til verksins. Skógræktarfélag Selfoss þakkar kærlega fyrir gott framtak.

Viðgerðir og nýsmíði á göngubrú á stígunum neðst í Hellisgili. Í hlýjindakaflanum í nóvember notuðu skógræktarmenn tækifærið og löguðu skakkar göngubrýr og byggðu eina nýja. Þessar brýr voru komnar nokkuð til ára sinna og að auki höfðu lækjarfarvegir breikkað með árunum og grafið undan brúnum.

Það var mikils virði að fara ekki inn í veturinn með hallandi og hættulegar brýr á

vinsælum göngu- og skokkleiðum. Formaður fékk þá Sigmund Stefánsson, Jens Sigurðsson og Gísli Skúlason með sér í verkið. Verkið gekk fljótt og vel.

Starfsmenn Áhaldahúss slóu meðfram stígum með stórri slátturvél um mitt sumar. Milwaukee rafmagnsslátturorfi + ein rafhlaða var keypt á útsölu í Verkfærasölunni á kr.155.000- þann 14. ágúst.

Jens Sigurðsson sló meðfram stígum í september og október. Hann notaði nýja rafmagnsslátturorfi félagsins.

Starfsmenn áhaldahúss löguðu vegi og grófu frá ræsum. Báru mulning í vegi með Ölfusá og austan við Grímskletta síðari hluta ágústmánaðar. Það var ekki vanþörf á því vegirnir voru orðnir illfærir smábílum eftir rigningarnar sumarsins. Aftur voru vegir með ánni lagfærðir í byrjun apríl, þar sem flóðvatn hafði skolað mól úr vegköntum.

Starfsmenn áhaldahúss kurluðu greinar í trjásafninu 11. september.

Formaður fór nokkrar ferðir á haugana með drasl og greinar úr Hellisskógi í apríl. Aðallega var þetta úr trjásafninu við aðal bílastæðið þar sem athafnasöm ungmenni voru eitt árið enn að útbúa eldstæði og greinahús upp við stofna á viðkvæmum trjám.

Einnig þurfti á nokkrum stöðum að lagfæra göngustíga þar sem hjólahópur hafði útbúið hindranir og stökkpalla.

Hreinsað úr stífluðum skurði sunnan við Grímskletta. Anna Margrét vann verkið á traktorsgröfu áhaldahúss Árborgar. Stíflan var líklega mannaverk.



Skíðabrautir: Bárður Árnason hafði samband við formann Skógræktarfélagsins síðastliðið sumar og kannaði vilja til að útbúa gönguskiðabrautir í Hellisskógi út frá bílastæðinu við Biskupstungnabraut. Félagið tók vel í þessa málaleitan.

Örn, Hermann, Sigmundur og Ingileif merktu fyrir skíðagöngubraut um NV- hluta Hellisskógar í október. Um 1,2 km að lengd. Guðjón Helgi tætti leiðina.

Björgunarfélag Árborgar sá um að þjappa og marka spor. Þeir lögðu síðan aðra braut til austurs ofarlega í Hellisskógi. Starfsmenn áhaldahúss komu með stóra slátturvél og slógu sinuna á þeirri leið. Settu líka eitt ræsi í skurð.

Þann 28. janúar 2025 var nóg af snjó í Hellisskógi. Tvær 1,2 km og 1,5 km langar skíðabrautir voru troðnar efst í skóginum, þar sem félagsmenn í

Skógræktarfélaginu merktu fyrir leiðum síðastliðið haust. Hjónin og skógræktarfélagið Sigmundur Stefánsson og Ingileif Auðunsdóttir gengu nýtroðnar brautirnar og leist vel á. Þar með má segja að skíðabrautirnar hafi formlega verið vígðar. Lítið var um snjó það sem eftir lifði vetrar og þar með ekki skíðafæri.

Trjámerkingar og tilfærsla á skiltum: Um miðjan ágúst voru keyptar gagnvarðar spítur 95x95 mm. Pröstur Ingvarsson sagaði þær í réttar lengdir (135 cm) og tók 45° fláa í annan endann. Úr þessu fengust 30 staurar.

Þann 29. ágúst kom Guðmundur B. Sigurðsson á stóru gröfunni og gróf fyrir merkistaurum í gamla trjásafninu og við sífjalerkið við Grímskletta. Settir voru niður 17 staurar og merkisþjöld voru til á 12 staura.

Nokkrir félagar úr Skógræktarfélaginu sáu síðan um frágangsvinnu.

Einnig var grafan notuð til að víxla skiltum við aðal bílastæðið. Til stendur að endurnýja aðal skiltið þar sem gamla myndin er að mestu horfin. Nýtt skilti verður útbúið þegar nýjar leiðir inn í skóginn eru komnar á hreint og stígakerfið við brúarenda og með suðurlandsvegnum.

Í febrúar var óskað eftir tilboðum í ný skilti fyrir trjásofnin. Í apríl var samið við Fagform um að útbúa 76 ný skilti fyrir trjásafnið. Merkin verða eins og þau sem fyrir eru, 10x10 sm og hvít, með svörtum stöfum.

Suðurlandsvegurinn: Eftir um tveggja ára vinnuhlé við nýja suðurlandsveginn var aftur hafist handa í Hellisskógi um miðjan febrúar 2025.

Vegna framkvæmdanna var tveimur gönguleiðum frá aðal bílastæðinu lokað um miðjan mars. Vegagerðin setti upp lokunarskilti og leiðbeiningarskilti við stígana.

Áfram var opið meðfram Ölfusá en tafir og hugsanlegar lokanir gætu orðið á þeirri leið vegna sprengivinnu sem hófst 28. apríl.

Unnið hefur verið að því í vetur að undirbúa aðra leið fyrir bíla og gangandi inn í skóginn ofan við Stekkjarholt / Einholt. Búið er að teikna veg og bílastæði og kanna möguleika á því að nýta afgangsmöl úr nýja vegstæðinu. Nú er þetta í bið í kerfinu og lítið hefur orðið úr framkvæmdum nema trjágróður felldur í vegstæðinu niður að Helli. Óljóst er hvenær þessi leið verður opnuð en vonandi sem fyrst. Sveitarfélagið mun leggja veginn.

Björgvin Örn felldi trjágróður á fyrirhugaðri leið í mars og Hermann teiknaði upp yfirlitsmynd af vegstæðinu niður að Helli.



Stjórn Skógræktarfélags Selfoss 2024-25

Örn Óskarsson formaður

Snorri Sigurfinnsson ritari

Hermann Ólafsson gjaldkeri

Björgvin Örn Eggertsson meðstjórnandi

Hlíf Böðvarsdóttir meðstjórnandi